EFLIÐ STYRKASTA STJÓRNMÁLAALFIÐ — GERIST FÉLAGAR Í SJÁLFSTÆÐISFLOKKNUM

„Að vita af skoðanabræðrum sínum eykur mönnum kjarkinn"

— rætt við Halldór Sigurðsson, formann Félags sjálfstæðismanna í Laugarneshverfi

— HVERFAFÉLÖGIN eru eins og nafnið gefur til kynna samtök sjálfstæðisfólks í hverfum Reykjavíkur. Félögin eru starfsvettvangur þeirra íbúa viðkomandi hverfis, sem vilja taka þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins, hvort sem það er að þjóð- eða borgarmálum. Stjórnir félaganna eiga að vera tengiliðir milli fólksins í hverfinu og þeirra fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem gegna trúnaðarstörfum fyrir hann. Félögin eru líka ekki síður mikilvæg til að stuðla að kynnum meðal félaganna, því það að vita af skoðanabræðrum sínum eykur mönnum kjark.

Á þessa leið fórust Halldóri Sigurðssyni, formanni Félags Sjálfstæðismanna í Laugarneshverfi, orð, er við ræddum við hann.

— Sameiginlegt áhugamál þeirra, sem þátt taka í starfi hverfafélaganna er vilja stuðla að framgangi sjálfstæðisstefnunnar og vexti Sjálfstæðisflokksins. Fundir, ýmist smáir eða stórir, eru haldnir á vegum félaganna og þar geta íbúar hverfisins skipst á skoðunum við forustumenn flokksins og komið á framfæri hugmyndum sínum. Með þátttöku í félögum sjálfstæðismanna gefst fólki einnig tækifæri til að hafa áhrif á stefnu, félagsstarf og val forystumanna Sjálfstæðisflokksins.

— Þó það hverfi, sem ég býí sé fremur fámennt og litlar breytingar séu í hverfinu, eru jafnan ýmis mál, sem betur mættu fara. Með þátttöku í hverfafélaginu getur fólk sameinast um framfaramál hverfisins og unnið að framgangi þeirra við borgaryfirvöld.

— Fólk, sem hefur áhuga á þjóðmálum, sagði Halldór, á að skipa sér í þann stjórnmálaflokk, og undir þá stjórnmálastefnu, sem það telur best falla að sinni lífsskoðun. Þátttaka í starfi stjórnmálaflokks er leiðin til að hafa áhrif á framgang



Halldór Sigurðsson.

mála, því samkvæmt stjórnkerfi okkar kjósum við stjórnmálamennina til að vinna að málum okkar. Vilji fólk stuðla að umbótum í málum þjóðarinnar á grundvelli einstaklings og atvinnufrelsis með hagsmuni allra hópa þjóðfélagsins fyrir augum, á það að skipa sér í raðir sjálfstæðismanna. Ýmis öfgaöfl reyna allt til að spilla þeim árangri, sem þegar hefur náðst og vilja allt rífa niður. Það er því virkileg þörf á því að fólk, sem vill sporna við fótum, standi vörð um stefnu Sjálfstæðisflokksins, því án frjálsra einstaklinga og frelsis til athafna eru dagar lýðræðisins brátt á enda.

„Þriðjungur launþega sjálfstæðisfólk"

- rætt við Pétur Hannesson, formann Óðins

— Því er ekki ósjaldan haldið fram að Sjálfstæðisflokkurinn sé eingöngu flokkur kaupmanna og atvinnurekenda, en þetta er hinn mesti misskilningur. Launþegar eru fjölmennur hópur innan Sjálfstæðisflokksins og sennilega er ekki langt frá lagi að segja að þriðjungur launþega í launþegasamtökunum séu fólk, sem er flokksbundið sjálfstæðisfólk eða aðhyllist skoðanir Sjálfstæðisflokksins. Málfundafélagið Óðinn er félagsskapur sjálfstæðisfólks í launþegasamtökunum í Reykjavík og vettvangur þess fólks til að ræða saman um sín mál og kynna forystumönnum Sjálfstæðisflokksins viðhorf sín til málefna launþega á hverjum tíma, sagði Pétur Hannesson, formaður Óðins, er við ræddum við hann.

— Óðinn er stofnaður til að gefa sjálfstæðisfólki úr launþegahreyfingunni tækifæri til að hafa áhrif á stefnu flokksins í málefnum launþega og í þjóðmálum almennt. Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur allra stétta og innan hans rúmast bæði launþegar og atvinnurek-



Pétur Hannesson

endur. En launþegar verða líka á hverjum tíma að vera vakandi afl innan flokksins og mynd sér sjálfstæðar skoðanir á eigin málum. Launþegasamtökin eru vettvangur kjarabaráttunnar, en þjóðmálabaráttan á að eiga sér stað í stjórnmálafélögunum.

— Félagsstarf Óðins byggist aðallega á almennum félagsfundum og fræðslufundum, þar sem félögunum gefst tækifæri til að fræðast í sumum tilvikum

Framhald á bls. 31

ENDURNÝJUN ELDRI HVERFA

Framhald af bls. 13.

brött og auka má nýtingu með því að leyfa kvisti.

TILLIT TEKIÐ TIL FORMS OG ÚTLITS HVERRAR BYGGINGAR

Í samþykkt skipulagsnefndar er fjallað um nýtingarhlutfall og hámark bygginga. Þar segir:

Nýtingarhlutfall

Skipulagsnefnd álítur að ákvæði um nýtingarhlutfall verði einungis notuð til viðmiðunar og séu látin gilda fyrir hverja lóð á skipulagssvæðinu. Skipulagsyfirvöldum sé heimilt að hækka þetta nýtingarhlutfall, ef um sameiningu á lóðum er að ræða eða meiri háttar uppbyggingu, sem stuðlar að bættu umhverfi að mati skipulagsyfirvalda, einnig ef um er að ræða að byggt sé upp í skörð og ef **rótgróin** fyrirtæki æskja stækkunar á svæðinu.

Einnig getur nýting íbúðabygginga á framkvæmdasvæðinu hækkað um allt að 1.0, ef um er að ræða þinglýsta kvöð um þá notkun.

Hámarkshæð bygginga

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962—1983 var ákveðin hámarkshæð bygginga á tilteknum svæðum. Jafnframt var talið æskilegt að borgin hefði skipulegt yfirbragð; að byggt væri upp í skörð í húsaröðum; að ekki sköpuðust eyður vegna bifreiðastæða, þar sem byggð er samfelld; og að háhýsi væru einungis staðsett í samræmi við vel mótaðar skipulagshugmyndir.

Á tilteknum svæðum var heimilað að byggja 3—5 hæða byggingar, auk þriggja nýrra háhýsa við Aðalstræti. Að öðru leyti var ekki ætlast til, að leyfð væru hærri hús en 1—2 hæðir í miðbæjarhverfum.

Skipulagsnefnd telur, að innan ramma aðalskipulagsins þurfi ætíð að taka sérstaka afstöðu til forms og útlits hverrar einstakrar fyrirhugaðrar byggingar í gömlum borgarhverfum.

Lagt er því til, að áfram verði fylgt þeirri stefnu, sem mörkuð var í Aðalskipulaginu, um að æskilegt sé að byggja upp í skörð í húsaröðum og koma í veg fyrir eyður vegna bifreiðastæða. Einnig er talið mikilvægt, að nýbyggingum verði hagað þannig, að þær varpi ekki skugga á fjölfarin göngusvæði í miðbænum, þar sem nú nýtur sólar. Þetta er einkum mikilvægt, þar sem skjól er fyrir norðlægum vindáttum. Á athugunarsvæðinu eru risþök eða inndregnar efstu hæðir bygginga ríkjandi, og er álitið æskilegt að halda þessum sérkennum. Tillögur um húsahæðir ber því að túlka þannig, að efsta hæðin, af þeim hæðafjölda, sem skilgreindur er, sé ávallt inndregin eða rishæð, nema sýnt sé, að annað eigi betur við í einstökum tilfellum. Sé gólf ofan kjallara meira en 1.5 m fyrir ofan yfirborð aðliggjandi götu, skoðast kjallarinn sem sérstök hæð gagnvart ákvæðum um hámarkshæð. Ef um afbrigðilega lofthæð er að ræða í fyrirhuguðum nýbyggingum, þarf að taka sérstaka afstöðu til heildarhæðar þeirra.

Almennt má segja, að reynsla liðinna ára af þróun gróinna borgarhverfa sýni, að óraunhæft sé að gera ráð fyrir mjög örum breytingum á heildaryfirbragði þeirra. Þetta á við um hæðir bygginga, gerð þeirra og útlit. Lögð er því áherzla á, að fyllsta samræmis sé ætíð gætt milli nýbygginga og þess umhverfis, sem fyrir er, og að form einstakra mannvirkja sé ætíð í auðskildu samhengi við heildaryfirbragð viðkomandi hverfis og borgarhluta.


Sé reglum um aukna nýtingu á framkvæmdasvæðum beitt er ef til vill eftirsóknarvert að t.d. íbúðarhúsnæði skeri sig frá annarri starfsemi, væri þá hægt að leyfa í mesta lagi 7 hæðir, en þó væri 3—4 hæða byggingar hin almenna regla.

Bifreiðastæði

Ekki verði leitast við að koma fyrir fleiri bifreiðastæðum á svæði, sem afmarkast af Snorrabraut, Hringbraut, Suðurgötu, Garðarsstræti, Tryggvagötu og Skúlagötu, en nemur 1 stæði á hverja 150 ferm. í atvinnuhúsnæði og 1 stæði fyrir hverja íbúð. Gjöld fyrir bifreiðastæði vegna nýbygginga á svæðinu séu miðuð við 1 bifreiðastæði á hverja 50 ferm. í atvinnuhúsnæði og 1 stæði á hverja íbúð og séu umframbifreiðastæði skipulögð fyrir utan athugunarsvæðið í góðum tengslum við almenningsvagnakerfið.

Leitast sé við að skipuleggja bifreiðastæði saman á svæðum utan gatna, þannig að sérstök stæði séu ekki merkt ákveðnum bifreiðum. Engin bifreiðastæði skulu staðsett á hraðbrautum, tengibrautum né helztu safnbrautum og útlit bifreiðastæða utan gatna bætt til muna. Borgaryfirvöldum skal heimilt að takmarka stöðutíma á öðrum svæðum en íbúðasvæðum inni á svæðinu t.d. með því að setja upp stöðumæla.

Að lokum samþykkti skipulagsnefnd í meginatriðum tillögur teiknistofunnar í Garðastræti 17 um landnotkun, svæðaskiptingu, hámarksnýtingarhlutfall, hámarkshæð bygginga, aðalumferðarkerfi, staðsetningu bifreiðastæða, gönguleiðir og opin svæði.



Hætt er við tengibrautina upp í gegnum Þingholtin og Grettisgötu. En tenging er áformuð milli Hverfisgötu og Tryggvagötu, þar sem sést á myndinni. Tryggvagatan er næst og Hverfisgatan efst á myndinni.

LAÐAÐ AÐ TJARNARSVÆÐINU

Eins og fram kemur í bókun skipulagsnefndar, er gert ráð fyrir aukinni nýtingu á fyrrnefndu svæði. Í gögnum Teiknistofunnar í Garðastræti 17 sést að mjög hefur íbúum fækkað á miðbæjarsvæðinu á undanförnum árum, úr 12 þúsund íbúum í 5 þúsund á árunum 1945 til 1970. En miðað er við að þar fjölgi aftur. Í gamla bænum er töluvert af ónotuðum lóðum, sem ódýrt er fyrir borgina að gera byggingarhæfar og hagkvæmt að nýta þær. Er því reynt að stuðla að því. Athygli vekur að gerð hefur verið úttekt á trjágróðri í miðbæjarsvæðinu í þeim tilgangi að sporna við því að slíkur gróður minnki eða hverfi, og reyndust 1600 tré vaxa á svæðinu frá Aðalstræti á Skólavörðuholt og inn að Hringbraut.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum er sýnd tillaga frá Teiknistofunni í Garðastræti 17 um uppbyggingu Miðbæjarkvosarinnar. Þar er gert ráð fyrir að umhverfi Tjarnarinnar verði haldið svo til óbreyttu, en bætt aðstaða gangandi fólks við Vonarstræti. Reiknað er með opnu svæði frá Alþingishúsinu að Tjörninni, en vestan við það megi byggja þjónustumiðstöð fyrir fólk, sem þar er á gangi. Í miðborginni er ætlast til að ekki verði aukin starfsemi á borð við bankastarfsemi, a.m.k. ekki á neðstu hæðum. Og í heild er miðað að því að beina stofnunum og slíku af viðkvæmu svæðunum og laða að framkvæmdasvæðunum.

Ekki verða raktar í þessari grein tillögur um breyttar umferðaræðar. Þess skal þó getið að horfið er nú frá tengigötunni sem ráðgerð var í skipulaginu frá 1962 og átti að liggja úr miðborginni, frá Alþingishúsinu og upp gegnum Þingholtin, hjá Hegningarhúsinu, og þvert gegnum Grjótaþorpið. Aðaltengingin inn í miðborgina kemur nú frá Skúlagötu. Og í nýju tillögunum er gert ráð fyrir því að Hverfisgatan tengist Tryggvagötu.

Sem fyrr er sagt liggja tillögur nú frammi á Kjarvalsstöðum og vísast til þeirra um frekari hugmyndir um endurnýjun eldri hverfa.